

mann á mánuði, ef skilyrði þau, er samningarnir taka fram, eru fyrir hendi.

Varðandi 2. kröfulið sinn heldur stefnandi því fram, að farmenn eigi samkvæmt samningunum skilyrðislausan rétt á 4 frídögum á mánuði, eða yfirvinnukaupi, verði því ekki við komið, að þeir fái notið frídaganna að fullu. Heldur stefnandi því fram, að frídagana eigi þeir undantekningarlaust, hvort sem skip dvelur í heimahöfn svo lengi að unnt sé að veita þeim frídaga, svo sem í samningunum greinir, eða ekki.

Í 3. mgr. umræddra samningsgreina er talað um ástæður, „er hamli því, að unnt sé að veita þetta fri“. Telja verður þessi orð vísa til 1. mgr. samningsgreinanna, og verði þargreind skilyrði að vera fyrir hendi, ef greiða skal yfirvinnukaup samkvæmt 2. gr. samninganna, það er að segja, að skip hafi legið í heimahöfn eða í Hafnarfirði það lengi, að því hafi orðið við komið að veita hina umræddu frídaga, en samt ekki verið gert. Ber farmönnum ekki yfirvinnukaup yfir lengri tíma en svo.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 2/1946. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson cand. jur. í stað Hákonar Guðmundssonar.

Úrskurður.

Áður en dómur gengur í máli þessu í félagsdómi, þykir rétt að fresta málinu samkvæmt 69. gr. laga nr. 80 frá 1938, sbr.

120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og veita aðiljum kost á því að afla skýrslna fyrir dómi um eftirgreind atriði, og önnur þau atriði, er málið varða og efni kunna að standa til:

1. Aðiljar skulu inntir eftir tildrögum og undirbúningi kaup- og kjarasamnings þess, sem í málinu greinir. Sérstaklega skulu menn þeir, er önnuðuzt samningsgerðina, um það spurðir, hvort borið hafi á góma, hvernig skilja bæri ákvæði 2. málsg. 8. gr. samningsins, og ef svo var, hvað um þetta var rætt. Skal einkum lögð áherzla á að fá það fram, hvort aðiljarnir hafi verið sammála um það, að með „stéttarfélögum almennt“ í greindu samningsákvæði væri eingöngu átt við stéttarfélög í Vestmannaeyjum.

2. Þá skulu aðiljar spurðir um það, hvernig áritunin frá 22. febrúar 1944 á samninginn sé til komin. Skulu aðiljarnir einkum inntir eftir því, hvort þeir hafi gert með sér sérstakt samkomulag um kauphækkun þá, er þar greinir, eða hækkunin hafi gengið í gildi sjálfkrafa með stoð í ákvæði 2. málsg. 8. gr. samningsins og að undangenginni samsvarandi kauphækkun hjá stéttarfélögum í Vestmannaeyjum.

Því úrskurðast:

Aðiljum skal gerður þess kostur að láta í té framan- greindar skýrslur.